

## GJALDSKRÁ

### fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á Vesturlandssvæði.

#### 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim og matvælalögum nr. 93/1995 með síðari breytingum, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Tímagjald kr. 11.984

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni í eftirlitsáætlun skv. útlögðum kostnaði.

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur í viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

#### 3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs. ásamt auglýsingakostnaði ef við á	eitt tímagjald
--	----------------

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á	eitt tímagjald
--	----------------

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
-------------------	----------------

Eftirlitsgjald vegna tóbakssölu

hálf tímagjald

#### 4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

#### 5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis gefur út samkvæmt fyrirleggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðni skal greiða hálf tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og önnur sérstök verkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Gjalddagi gjalda af sumarrekinni starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1293/2014 fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á Vesturlandssvæði.

*Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, 30. desember 2015.*

**Helgi Helgason** framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI A

ÍSAT 95-númer	Atvinnugrein	Tíðni	Gjald kr.
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	0,5	23.968
90.00.0.3	Aðrar skólphreinsistöðvar	1	35.952
01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði	1	47.936
01.24.0.2	Alifuglarækt > 40.000 stæði	2	86.884
15.12.0.0	Alifuglasláturhús	2	131.781
52.31.0.0	Apótek	0,33	19.893
85.11.5.0	Áfengismeðferð	0,5	26.964
52.25.0.0	Áfengisverslun	0,5	19.893
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	23.968
15.81.0.3	Bakarí	1	59.920
50.50.0.1	Bensinstöðvar án matvöru	1	23.968
50.50.0.2	Bensinstöðvar með matvöru	1	59.920
50.50.0.3	Bensinstöðvar með veitingasölu	2	99.827
50.50.0.0	Bensinstöðvar, sjálfsafgreiðsla	1	22.192
50.20.0.4	Bifreiða- og/eða vélaverkstæði með sprautun, lítið	0,5	22.192
50.20.0.5	Bifreiða- og/eða vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	0,5	31.877
50.20.0.2	Bifreiða- og/eða vélaverkstæði, lítið	0,5	20.972
50.30.0.3	Bílapartasölur	1	47.936
15.96.0.0	Bjórgerð	1	44.940
28.52.0.1	Blikksmíðaverkstæði	0,25	8.988
52.48.8.0	Blómaverslanir	0,25	8.988
50.20.0.10	Bón- og bílapvottur, handvirk	0,25	14.980
50.20.0.9	Bón- og bílapvottur, sjálfvirk	0,5	29.960
52.46.1.2	Byggingavöruverslanir, litlar	0,5	29.960
52.46.1.1	Byggingavöruverslanir, stórar	1	44.384
55.23.0.2	Gististaður og/eða orlofshúsasvæði án veitingasölu	0,5	20.972
55.23.0.1	Gististaður og/eða orlofshúsasvæði með veitingasölu	0,5	26.964
85.32.1.1	Dagforeldri með 6 börn eða fleiri	0,5	23.968
85.11.4.2	Dvalar- og hjúkrunarheimili	1	47.936
85.20.0.1	Dýralæknastofur	0,25	8.988
37.20.0.3	Endurvinnsla seyru	1	35.952
75.23.0.1	Gæsluvarðhald	0,5	17.976
75.23.0.2	Fangelsi	1	53.928
55.21.0.1	Farfuglaheimili og gistiskálar	0,5	23.968
85.32.6.1	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi með eldhúsi	1	50.932
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,5	23.968
52.23.0.1	Fiskbúðir með vinnslu	1	47.936
51.17.2.0	Fiskmarkaðir	0,5	23.968
63.23.0.2	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	0,5	23.968
63.23.0.1	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	1	47.936
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	0,5	19.893
74.81.0.2	Framköllunarþjónusta	0,5	23.968
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,5	26.964
15.61.0.02	Framleiðsla á fullunnu korni/morgunkorni	1	47.936
24.11.0.0	Framleiðsla á iðnaðargasi	0,5	23.968

ÍSAT 95- númer	Atvinnugrein	Tíðni	Gjald kr.
24.12.0.0	Framleiðsla á lit- og litarefnum	0,5	23.968
15.41.0.1	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	1	53.928
24.63.0.0	Framleiðsla á rokgiörnum olíum	0,5	23.968
24.14.0.0	Framleiðsla á öðrum lífrænum grunnefnum til efnagerðar	0,5	23.968
24.13.0.0	Framleiðsla á öðrum ólífrænum grunnefnum til efnagerðar	0,5	23.968
15.91.0.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	1	44.940
15.98.0.1	Framleiðsla gosdrykkja og safu	1	44.940
15.71.1.0	Framleiðsla húsdýrafóðurs	0,25	8.988
26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	0,5	26.964
80.22.0.3	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	1	71.904
80.30.0.3	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	1	71.904
24.20.0.1	Garðaúðun	0,25	14.980
90.00.0.5	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	0,5	23.968
90.00.0.4	Gámastöð	0,5	23.968
55.12.0.1	Gistiheimili án veitingasölu, lítið (< 16 manns)	0,5	20.972
55.12.0.2	Gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (16-50 manns)	0,5	23.968
55.12.0.3	Gistiheimili án veitingasölu, stórt (> 50 manns)	1	59.920
80.10.0.1	Grunnskólar án mótuneytis	0,5	26.964
80.10.0.3	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	1	71.904
80.10.0.2	Grunnskólar með móttökueldhúsi	1	59.920
52.62.0.1	Götuleikhús og tívolí	1	35.952
15.20.5.0	Harðfiskverkun	0,25	11.984
93.02.0.0	Hárgreiðslu- og/eða snyrtistofur	0,5	23.968
51.31.0.1	Heildverslun með ávexti og grænmeti	1	44.940
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar	0,25	8.988
85.31.1.0	Heimili fyrir börn og unglinga (6-10 börn)	0,5	23.968
15.20.4.1	Heitloftspurrkun fiskafurða	1	59.920
92.62.0.1	Hestahald (hesthúshverfi)	0,5	17.976
40.33.1.0	Hítaveitur	0,5	23.968
50.20.1.4	Hjólbarðaverkstæði, gúmmívinnsla	0,25	11.984
55.11.0.1	Hótel með veitingasölu, lítið (< 50 manns)	1	56.924
55.11.0.2	Hótel með veitingasölu, miðlungs (51-100 manns)	2	118.940
55.11.0.3	Hótel með veitingasölu, stórt (> 100 manns)	2	142.728
15.20.5.1	Hrognavinnsla	0,25	11.984
01.42.0.2	Hundahótel og kattahótel	0,5	14.980
85.14.9.4	Húðflúrstofur	0,25	11.984
15.52.0.0	Ísgerð	2	166.516
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	0,5	27.923
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	53.928
92.61.0.7	Íþróttavellir	0,25	11.984
52.46.1.3	Járnvöruverslanir	0,5	29.960
96.62.0.2	Kappaksturs- og æfingabrautir	0,5	19.893
91.31.1.1	Kirkjur án safnaðarheimila	0,25	7.909
91.31.1.2	Kirkjur með safnaðarheimilum	0,5	26.964
15.13.0.4	Kjötvinnsla með reykingu	1	47.936
15.13.0.2	Kjötvinnsla	1	47.936
55.40.0.1	Krár, kaffihús (< 50 manns)	1	47.936

ÍSAT 95-númer	Atvinnugrein	Tíðni	Gjald kr.
15.87.0.0	Krydd- og bragðefnaframleiðsla	0,5	23.968
05.02.2.1	Kræklingarækt	0,25	8.988
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,5	23.968
63.12.0.1	Kæli- og frystigeymslur	0,5	17.976
15.82.0.2	Kökugerð	1	41.944
15.20.8.0	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil	1	47.936
05.02.2.0	Land- og kvíaeldi	0,5	26.964
92.31.0.1	Leikhús	0,5	23.968
85.32.2.2	Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	1	50.932
85.32.2.1	Leikskólar með móttökueldhúsi	1	44.940
85.32.2.3	Leikvellir	0,5	17.976
15.42.0.1	Lifrabræðsla og lýsishreinsun	1	80.892
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar	0,5	26.964
74.81.0.3	Ljósmyndastofur með framköllun	0,5	23.968
01.25.2.0	Loðdýrabú	1	56.924
24.42.0.0	Lyfjagerð	1	56.924
85.12.2.1	Læknastofur	0,25	11.984
14.21.0.0	Malar- og sandnám; vikurnám. Langtíma starfsemi	0,5	23.968
52.62.0.0	Markaðir	0,5	14.980
55.30.1.2	Matsölustaðir (miðlungs 51-100 manns)	2	101.864
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir (17-50 manns)	1	50.932
55.30.1.7	Matsöluvagnar	1	35.952
52.11.2.5	Matvöruverslun án vinnslu	1	47.936
52.11.2.1	Matvöruverslun með vinnslu	1	59.920
52.46.2.1	Málningarvöruverslanir	0,5	29.960
28.51.0.0	Meðferð og húðun málma	0,5	14.980
15.51.0.0	Mjólkurbú og/eða ostagerð	1	47.936
15.20.7.1	Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	1	71.904
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	0,5	23.968
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	1	59.920
55.51.0.4	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	1	23.968
14.30.0.0	Nám og vinnsla á steinefnum	0,25	11.984
93.04.0.6	Nuddstofur	0,5	20.972
26.82.9.1	Oliumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	1	59.920
25.21.0.1	Plastiðnaður	0,5	23.968
22.22.9.1	Prentiðnaður	0,25	11.984
31.62.0.1	Rafvélaverkstæði	0,25	8.988
92.62.0.0	Reiðhallir án veitinga	0,25	11.984
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat	1	47.936
15.33.0.2	Salatgerð	1	59.920
15.20.2.0	Saltfiskverkun	1	23.968
55.40.0.3	Samkomustaðir án eldhúss	0,5	17.976
85.32.6.5	Samkomustaðir með fullbúnu eldhúsi	1	59.920
05.02.1.2	Seiðaeldisstöðvar með fleiri en 150 þús. seiði	0,5	26.964
05.02.1.1	Seiðaeldisstöðvar með fleiri en 350 þús. seiði	0,5	29.960
85.11.1.2	Sjúkrahús	1	71.904
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,5	19.893

ÍSAT 95-númer	Atvinnugrein	Tíðni	Gjald kr.
55.30.2.0	Skemmtistaðir með matsölu	1	59.920
92.61.0.8	Skíðaskálar, skíðasvæði	0,25	11.984
92.72.0.1	Skotvellir	0,25	8.988
90.00.0.2	Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe og afrennsli á land	2	71.904
55.30.1.4	Skyndibitastaðir, litlir (< 50 manns)	1	47.936
15.11.0.1	Sláturhús < 50 t/dag	1	65.912
50.20.0.12	Smurstöðvar	0,5	29.960
	Snyrtihús á ferðamannastöðum	0,25	11.984
52.33.0.1	Snyrtivöruframleiðsla	0,5	23.968
24.52.0.1	Snyrtivöruverslun	0,5	23.968
90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða	0,5	23.968
93.04.0.4	Sólbaðsstofur	0,5	20.972
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,25	15.939
55.14.0.1	Starfsmannabúðir (< 16 manns)	1	47.936
55.12.0.4	Starfsmannabústaðir (< 16 manns)	0,5	23.968
55.12.0.5	Starfsmannabústaðir (16-50 manns)	0,5	26.964
55.12.0.6	Starfsmannabústaðir (≥ 50 manns)	1	71.904
35.11.0.1	Stálmíði og stálskipagerð	1	71.904
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð	1	59.920
80.10.0.4	Sumarbúðir barna/ungmennabúðir	1	47.936
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	1	35.952
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	2	95.872
15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	83.888
01.12.1.2	Svepparækt	1	23.968
01.23.0.1	Svínarækt < 2.000 stæði alisvín eða < 750 stæði fyrir gyltur	1	71.904
01.23.0.2	Svínarækt > 2.000 stæði fyrir alisvín eða > 750 stæði fyrir gyltur	2	130.834
85.33.6.3	Söfn	0,25	8.988
52.11.3.2	Söluturnar/sælgætisverslanir	1	35.952
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,25	8.988
55.22.0.1	Tjaldstæði án hjólhýsastæða	0,25	11.984
55.22.0.3	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði	0,5	23.968
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,25	8.988
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	0,5	17.976
20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði með lökkun	0,5	29.960
80.10.0.6	Útihátíðir	1	29.960
41.00.0.6	Vatnsveitur < 1.000 íbúa	1	23.788
41.00.0.7	Vatnsveitur < 150 íbúa	0,5	11.984
41.00.0.5	Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	4	95.152
41.00.0.4	Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	6	142.728
29.11.0.0	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5	14.980
15.20.6.1	Vinnsla á ferskum fiski	0,5	23.968
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	0,5	23.968
40.10.0.3	Virkjanir	0,5	29.960
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	0,5	23.968
63.12.0.1	Vörugeymslur	0,5	17.976
85.14.9.3	Yogastofur, heilun o.fl.	0,25	11.984

Nr. 1309

30. desember 2015

<b>ÍSAT 95- númer</b>	<b>Atvinnugrein</b>	<b>Tíðni</b>	<b>Gjald kr.</b>
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,5	29.960
63.23.0.3	Æfingasvæði slökkviliðs	0,5	10.984
80.41.0.0	Ökuskólar, flugskólar o.fl.	0,25	8.988
80.42.9.0	Önnur ótalin fræðslustarfsemi	0,25	8.988

---

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2016